

9. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

22. ágúst 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Una Hildardóttir (UH), Páll Marís Pálsson (PMP) og Inger Erla Thomsen (IET) í gegnum Skype, ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Fundur settur 18:24

Dagskrá:

1. **Fundargerð 8. stjórnarfundar** var samþykkt.
2. **Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:**
 - a. TI sagði frá [áformi um frumvarp](#) til laga um breytingu á lögum um umboðsmann barna. Stjórn tók ákvörðun um að veita ekki umsögn fyrr en frumvarpið er komið fram.
 - b. LUF hefur borist fyrirspurnir um félagsgjöld svo að TI hefur bætt við [upplýsingum um það hér](#).
 - a. Leigusamningur við Hitt Húsið hefur verið framlengdur til 1. júní 2019. Eftir þann tíma mun LUF þurfa að flytja starfsemi sína, vonandi með Hinu Húsinu.
 - b. TI kemur til með að funda með Æskulýðsráði 29. september.
3. **Félagsgjöld 2018:** TI og MÖÓ falið að ganga frá þeim í þessari viku.
4. **Kærumálið:**
 - a. Áskorun til að senda á fjölmiðla með undirskriftarsöfnun var samþykkt.
 - b. TI sagði frá þeim upplýsingum sem hún safnaði um lagaumhverfinu á Norðurlöndunum.
 - c. Ákveðið var að vinna að því að fá öll aðildarfélögin til að vera með í áskorun. SHB og UH skipuleggja að afhenda ráðherra áskorunina áður en SHB fer erlendis. Tryggt verður að fjölmiðlar mæti og skjalfesti afhendinguna. TI sendir fyrrum meðáskorendum svarbréfið frá RSK og býður þeim að vera með í áskorun til ráðherra.
5. **Leiðtogaskólinn:**
 - a. Þrír hafa þegar sótt um í þjálfarateymið. En frestur rennur út 28. ágúst.
 - b. Val í þjálfarateymið: JCI hefur óskað eftir að fá fulltrúa í valnefnd. Ákveðið var að TI, LMJ og Landsforseti JCI sitji í valnefnd sem kemur saman 30. ágúst.
 - c. Ákveðið var að fresta ákvörðun um teymisstjóra þar til að skipað hefur verið í teymið.
 - d. TI lagði til breyttar dagsetningar í aðgerðaráætlun og voru þær samþykktar.
 - e. **Tillaga að vali inn í skólann:** Skv. umsókn gerum við ráð fyrir 30 þátttakendum og jafnt kynjahlutfall. Ef skráning í skólann opnar 15. sept og

henni lokað 30. sept (minna en vika í að skólinn hefjist) er lagt til að þátttakendur verði samþykktir inn í skólann “on a rolling basis”, s.s. hæfir þátttakendur fá svar strax um inngöngu þar til að 30 hafa sótt um - fyrstur kemur fyrstur fær. Tillagan var samþykkt.

f. Bréf til verndara leiðtogaskólans var samþykkt og var TI falið að senda það.

6. Verkfærakista: TI renndi yfir uppsetninguna. Samþykkt var að benda þjálfurum á kistuna til að nýta fyrir leiðtogaskólann.

7. Alþjóðamál:

a. Fundur með Félagi Sameinuðu þjóðanna frestaðist og mun TI stinga upp á nýjum fundartíma í samráði við LMJ.

b. MÖÓ sagði frá NBC fundi í Danmörku.

c. RKF boðaði forföll á ReGeneration 2030 en fjórir fulltrúar frá UU fóru.

d. RKF fer á EU Youth Conference í Vínarborg.

8. 2. Fulltrúaráðsfundur er 10. september:

a. Fundarboð þarf að senda út fyrir 27. ágúst. Lagt er til að leggja fram leiðarvísi eða reglugerð fyrir LSÍ til samþykktar, kynna LSÍ og hvetja fulltrúaráðsmeðlima til að sækja um. TI og LMJ setja saman dagskrá.

9. Næsti stjórnarfundur: Verður boðaður með tölvupósti.

10. Önnur mál: Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:30

UH ritaði fundargerð.